

## Nd. 184. Frumvarp til laga

um Skuldaskilasjóð útgerðarmanna.

Flm.: Sigurður Kristjánsson, Ólafur Thors, Jóhann Þ. Jósefsson, Garðar Þorsteinsson, Guðbrandur Ísberg, Pétur Ottesen, Thor Thors.

### 1. gr.

Við Fiskveiðasjóð skal stofna sérstakan sjóð, sem nefnist Skuldaskilasjóður útgerðarmanna. Ætlunarverk Skuldaskilasjóðs er að hjálpa fiskiskipaeigendum til þess að koma atvinnurekstri sínum á heilbrigðan fjárhagsgrundvöll, meðal annars með því að ná hagkvæmum samningum við lánardrottna og aðra kröfuhafa um eftirgjafir skulda.

Veitir Skuldaskilasjóður fiskiskipaeigendum lán í þessu augnamiði, eftir þeim reglum, sem nánar eru tilgreindar í lögum þessum.

### 2. gr.

Umráðafé Skuldaskilasjóðs er 5 millj. krónur. Skal þess aflað þannig:

- a. Fiskveiðasjóður Íslands leggur sjóðnum til 250 þús. kr. í reiðufé.
- b. Frá 1. júlí 1935 skal útflutningsgjald af sjávarafurðum, eins og það nú er ákveðið með lögum nr. 70 27. júní 1921 og lögum um breyting á þeim lögum, nr. 11 29. maí 1925, og í lögum nr. 60 27. júní 1921, renna óskert í Skuldaskilasjóð útgerðarmanna, unz tekjur sjóðsins af þessum lið eru orðnar samtals kr. 4750000.00.

### 3. gr.

Til þess að lánveitingun Skuldaskilasjóðs verði lokið á eigi lengri tíma en 2 árum, er stjórn sjóðsins heimilt að gefa út handhafaskuldabréf, allt að 4 millj. króna. Trygging skuldabréfa þessara er:

1. Eignir og tekjur Skuldaskilasjóðs.
2. Ábyrgð Fiskveiðasjóðs.
3. Ábyrgð rikissjóðs.

Vextir af bréfunum skulu vera  $4\frac{1}{2}\%$  á ári. Þau skulu innleyst þannig, að  $\frac{1}{10}$  hluti þeirra sé dreginn út árlega, en þó svo, að fyrstu 2 árin fer enginn útdráttur bréfa fram.

### 4. gr.

Komi til þess, að útlán Skuldaskilasjóðs endurgreiðist eigi svo ört, að sjóðurinn geti staðið straum af vaxtagreiðslum og innlausn vaxtabréfa sinna, eftir að lokið er tekjuöflun sjóðsins samkvæmt b-lið 2. gr., þá skal útflutningsgjaldið af sjávarafurðum renna áfram í Skuldaskilasjóð, unz vissa er fyrir því, að hann geti staðið við allar skuldbindingar sínar.

### 5. gr.

Lán úr Skuldaskilasjóði eru greidd eigendum fiskiskipa, til þess að ná samningum um eftirgjafir skulda og breytingar á lánnum til hagkvæmari kjara. Lán

má og veita þeim mönnum, sem rekstur hefir verið stöðvaður hjá, og þá til þess að þeir geti haldið eignum sínum og geti hafið rekstur á ný. Ennfremur má veita lán úr sjóðnum til þess að eignast aftur útgerðartæki og aðrar eignir í sambandi við útgerð, ef lánbeiðendur hafa þegar verið sviptir þeim vegna fjárhagsörðugleika.

#### 6. gr.

Lán úr Skuldaskilasjóði eru afborgunarlaus fyrsta árið, en skulu síðan endurgreiðast með jöfnum afborgunum á 10 til 15 árum, eftir tryggingum og öðrum ástæðum.

Lánin veitast gegn þeim tryggingum, sem sjóðstjórnin tekur gildar. Skulu þau vera forgangsskuldir, næst á eftir þeim forgangskröfum, sem nú eru í lögum.

Lánin eru vaxtalaus fyrstu þrjú ár lánstímans, en að þeim þrem árum liðnum getur sjóðstjórnin ákveðið, að greiða skuli vexti af lánum sjóðsins, allt að 3% p. a.

Verði eigandaskipti að hinni veðsettu eign, eða afborgun samkvæmt samningi er ekki innt af hendi innan tveggja mánaða frá réttum gjalddaga, getur stjórn Skuldaskilasjóðs ákveðið, að lánið sé þegar allt fallið í gjalddaga. Þó skal veita skuldunaut gjaldfrest, ef hann leggur fram skilríki, sem stjórn Skuldaskilasjóðs tekur gild, fyrir því, að hann geti ekki innt afborgunina af höndum án hnekkis fyrir atvinnurekstur sinn, en hann hinsvegar heldur veðinu vel við og stundar áfram þann atvinnurekstur, sem lánið upphaflega var veitt til stuðnings.

#### 7. gr.

Skuldabréf Skuldaskilasjóðs skulu með nafnverði vera gildur gjaldeyrir til greiðslna á skuldum, eldri en frá 1. janúar 1934, að svo miklu leyti sem þær eru ekki tryggðar með fasteignaveði eða handveði, svo sem nánar er fyrir mælt í lögum þessum. Sama gildir um greiðslur á vixlum, sem gefnir hafa verið út eftir 1. janúar 1934, ef skuldin upphaflega hefir verið stofnuð fyrir þann tíma.

#### 8. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 4. greinar laga um veð, 4. nóv. 1887, er lántakanda rétt að veðsetja Skuldaskilasjóði veiðarfæri og húsgögn í einu lagi og án sérstakrar sundurliðunar, jafnt það, er veðsetjandi á, þegar veðsetning fer fram, og það, er hann síðar kann að eignast.

Gengur veð sjóðsins fyrir öllum síðari veðsetningum lausafjár eða einstakra muna.

Nú flytur veðsali í aðra þinghá, eftir að skuldabréf hefir verið þinglesið, og heldur sjóðurinn þá veði sínu, þótt skuldabréfið sé eigi þinglesið á ný í þeirri þinghá, sem veðsali flutti í.

#### 9. gr.

Stjórn Skuldaskilasjóðs skal skipuð þrem mönnum. Skulu þeir skipaðir af ráðherra þeim, sem fer með sjávarútvegsmál, og samkvæmt tilnefningu

sjávarútvegsnefnda Alþingis. Ráðherra ákveður þóknun til stjórnarnefndar-  
manna.

Lánveitingum úr sjóðnum skal lokið innan tveggja ára frá því er hann tók til starfa. Eftir það hefir Fiskveiðasjóður Íslands á hendi afgreiðslu hans og reikningshald. Er starfssvið stjórnar Skuldaskilasjóðs eftir það eigi annað en að taka ákvarðanir um framkomnar beiðnir um breytingar á afborgunum og öðrum lánskjörum.

Reikningar sjóðsins skulu endurskoðaðir af endurskoðunarmönnum Fiskveiðasjóðs, úrskurðaðir af ráðherra þeim, sem fer með sjávarútvegs-mál, og birtir í B-deild Stjórnartíðindanna.

#### 10. gr.

Til aðstoðar stjórn Skuldaskilasjóðs og lánbeiðendum til fyrirgreiðslu skal í hverju sveitarfélagi og í hverjum kaupstað, þar sem útgerð er rekin til fiski-  
veiða, skipaður skuldaskilaumboðsmaður.

Stjórn Skuldaskilasjóðs skipar skuldaskilaumboðsmenn og ákveður þóknun til þeirra.

Ennfremur skipar stjórn Skuldaskilasjóðs tvo menn á sömu stöðum til þess að virða eignir lánbeiðanda. Getur sjóðstjórnin ákveðið, að skuldaskila-  
umboðsmaður skuli vera annar virðingarmannanna.

#### 11. gr.

Umsóknir um lán úr Skuldaskilasjóði skulu sendar skuldaskilaumboðs-  
manni í þeim hreppi eða kaupstað, sem lánbeiðandi á heima í, en stilaðar skulu þær vera til sjóðstjórnarinnar.

Lánbeiðni skal fylgja:

- a. Afrit af síðustu skattskýrslu lánbeiðanda.
- b. Sundurliðuð skýrsla um eignir og skuldir lánbeiðanda, eins og þær eru, þegar um lánið er beðið. Skal þar fram tekið, hverjir eru skuldaeigendur, hver lánskjör eru og hverjar tryggingar.
- c. Skýrsla um ábyrgðir, sem á lánbeiðanda hvíla. Skal þar fram tekið, hverjar aðrar tryggingar en ábyrgð hans eru fyrir þeim skuldum.
- d. Vottorð hreppstjóra um það, hve lengi lánbeiðandi hefir rekið útgerð til fiskveiða.

Skuldaskilaumboðsmaður skal tafarlaust láta virðingarmenn Skuldaskila-  
sjóðs virða eignir lánbeiðanda, og senda síðan lánbeiðnina, svo fljótt sem auðið er, til sjóðstjórnarinnar, með þeim gögnum, er henni fylgdu, virðingargerð virðingarmanna og rökstuddu áliti sínu um hag lánbeiðanda og afkomuhorfur fyrir rekstur hans.

#### 12. gr.

Um leið og skuldaskilaumboðsmaður sendir lánbeiðni til stjórnar Skulda-  
skilasjóðs skal hann tilkynna það skiptaráðanda. Er þá hverskonar aðför vegna skulda lánbeiðanda óheimil á hendur honum og ábyrgðarmönnum hans, þar til samningum um skuldaskil er lokið á einhvern hátt. Kröfuréttur, hverju nafni sem nefnist, fynnist ekki á þessu tímabili.

Frá því að lánbeiðni er send og þar til skuldaskilum er lokið, ef lánbeiðni er sinnt, má lánbeiðandi ekki gera neinar þær ráðstafanir, er gera hag hans lakari en áður. Hann má ekki selja eignir sínar, fram yfir venjulega afurðasölu, og ekki greiða áður stofnaðar skuldir.

### 13. gr.

Innan mánaðar frá því að stjórn Skuldaskilasjóðs fær lánbeiðni í hendur, ásamt gögnum þeim, sem tilskilin eru í 8. gr., skal hún veita úrskurð um það, hvort lán verður veitt, ef samningar takast við kröfuhafa. Skal hún þá þegar, með auglýsingu í Lögbirtingablaðinu, skora á þá, sem fjárkröfur eiga á hendur lánbeiðanda, þar með taldar ábyrgðir, að lýsa kröfum sínum fyrir sjóðstjórninni innan 6 vikna frá síðustu birtingu auglýsingarinnar. En auglýsingin skal þrisvar birt.

Í auglýsingunni skal fram tekið, að ótryggðar kröfur og ábyrgðir, sem lánbeiðandi er í fyrir aðra, falli niður, ef þeim er ekki lýst áður en hinn auglýsti frestur er liðinn.

Ef kröfuhafi, sem ekki hefir lýst viðurkenndri kröfu áður en tilskilinn frestur var liðinn, færir fyrir því sterkar líkur meðan á skuldaskilum stendur, að hann hafi ekki átt kost á því að sjá auglýsinguna, getur sjóðstjórnin þó tekið kröfu hans til greina. Að öðru leyti falla niður allar þær kröfur, sem ekki er lýst innan hins auglýsta frests.

### 14. gr.

Þegar er skuldakröfuinnköllun hvers lánbeiðanda er lokið, skal sjóðstjórnin boða á skuldaskilafund alla þá, er kröfum hafa lýst. Á sama hátt lánbeiðanda.

Jafnframt skal sjóðstjórnin semja frumvarp til skuldaskila fyrir lánbeiðanda. Skal í frumvarpinu fyrst greint milli skulda þeirra, sem samningar ná ekki til, og hinna, sem ætlazt er til, að um sé samið, og síðan gerð glögg grein fyrir því, hvernig ætlazt er til, að samið verði um síðartöldu skuldirnar.

Frumvarpið skal vera til sýnis í skrifstofu sjóðstjórnarinnar þeim, er hlut eiga að máli, að minnsta kosti vikutíma fyrir skuldaskilafund.

### 15. gr.

Skuldaskilafundur er lögmaður, ef hann hefir verið undirbúinn og boðaður samkvæmt 8., 10. og 11. gr. laga þessara og lánbeiðandi er þar mættur, eða umboðsmaður hans, ásamt meiri hluta sjóðstjórnarinnar og kröfuhöfum, er ráða yfir meiri hluta skulda þeirra, er um skal semja.

Frumvarpið og þær breytingartillögur, sem fram kunna að koma við það á fundinum, skal ræða og síðan bera undir atkvæði kröfuhafa, sem mættir eru. Atkvæðisrétt hafa menn í hlutfalli við það, sem kröfur þeirra nema af samanlagðri kröfuupphæð þeirri, sem samningar eiga að ná til.

Sé frumvarpið breytt orðið að lokinni atkvæðagreiðslu um breytingartillögur, getur sjóðstjórnin gert eitt af þrennu:

1. Látið frumvarpið svo breytt fara undir atkvæði.

2. Ákvæðið um það aðra umræðu.

3. Lýst yfir, að samningaumleitun verði ekki haldið áfram.

Ef engar breytingar eru samþykktar við frumvarpið, lætur sjóðstjórnin fara fram atkvæðagreiðslu um það á fundinum.

Hljóti frumvarpið atkvæði svo margra kröfuhafa, að þeir ráði yfir meiru en helmingi af kröfum þeim, sem samningar eiga að ná til, er sjóðstjórninni heimilt að staðfesta það, og er það þá bindandi fyrir alla kröfuhafa, eins þá, sem greitt hafa atkvæði móti því eða ekki mætt á fundinum.

Frumvarp, sem sjóðstjórnin hefir staðfest, leysir skuldunaut undan skyldu til að greiða þann hundraðshluta hverrar kröfu, sem undan greiðslu er skilinn í hinu staðfesta frumvarpi, svo og undan ábyrgðum, eftir því, sem þar er fyrir mælt.

#### 16. gr.

Skuldir þær, sem samningar ná ekki til samkvæmt 11. gr., eru:

1. Skuldir tryggðar með veði í fasteign eða skipi. Þó ekki hærri fjárhæð en virðingarmenn Skuldaskilasjóðs virða þessar eignir.

2. Skuldir tryggðar með handveði.

3. Skuldir tryggðar með veði í lausafé, ef sú tryggingargerð fór fram að minnsta kosti ári áður en lánbeiðni var send sjóðstjórninni.

Um tölulið 2. og 3. gildir þó sama undantekning eins og um 1. lið.

4. Forgangskröfur skv. 83. gr. skiptalaganna, að svo miklu leyti, sem eignir skuldunauts teljast hrökkva fyrir þeim.

#### 17. gr.

Þegar skuldaskilasamningur hefir verið staðfestur, skal lánið þegar afgreitt, og sér stjórn sjóðsins um skuldaskilin að öllu leyti samkvæmt skuldaskilasamningnum.

#### 18. gr.

Skuldaskilasjóður er undanþeginn opinberum gjöldum og sköttum, hverju nafni sem nefnast.

Bækur sjóðsins, ávisanir, kvittanir, skuldbindingar, sem gefnar eru út af sjóðnum og í nafni hans, svo og skuldabréf fyrir lánnum úr sjóðnum og ábyrgðaryfirlýsingar gagnvart honum eru undanþegin stimpilgjaldi.

Eignar- og veðbókarvottorð er skylt að afgreiða til sjóðsins án endurgjalds.

#### 19. gr.

Gjalddagi lána úr Skuldaskilasjóði er 1. nóvember ár hvert.

#### 20. gr.

Í reglugerð fyrir Skuldaskilasjóð má setja þau ákvæði um stjórn sjóðsins og starfrækslu, útgáfu vaxtabréfa, upphæðir þeirra, innlausn og fleira, er nauðsynleg þykja, þótt eigi sé gert sérstaklega ráð fyrir þeim í lögum þessum, og fari þau þó eigi í bága við nein ákvæði laganna.

## 21. gr.

Þegar Skuldaskilasjóður hefir að fullu greitt lán þau, sem hann hefir tekið, eða tekin hafa verið af rikissjóði hans vegna, og inntöu vaxtabréfa hans er að fullu lokið, skulu eignir sjóðsins renna í stofnsjóð Fiskveiðasjóðs Íslands, jafnóðum og útlán Skuldaskilasjóðs afborgast.

## 22. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

## Ástæður.

Eins og kunnugt er, fluttu nokkrir þingmenn Sjálfstæðisflokksins frv. á síðasta þingi um skuldaskilasjóð útgerðarmanna. Tilfni frumvarps þessa voru rannsóknir þær á hag útgerðarinnar viðsvegar um land, er framkvæmdar höfðu verið af millipinganeftdinni í sjávarútvegsmálum, er sýndu það meðal annars, að til þess að unnt sé að lækka skuldir þeirra útgerðarmanna, sem nefndinni virtist skuldaskilasjóðshjálpin þyrfti að ná til, myndi þurfa um 8–10 millj. króna. Var til þess ætlað að fá við komið skuldalækkun, er næmi því, að skuldir þessara manna yrðu ekki meira en 65% á móti eignum, en lakari hlutföll milli eigna og skulda taldi nefndin ekki heilbrigðan fjárhag.

Nefndin hafði gert ráð fyrir, að þessu marki yrði náð með því, að Skuldaskilasjóður hefði stofnfé, er næmi 5 millj. króna, til lánveitinga handa útgerðarmönnum í þessu skyni, og með því að fá verulegar eftirgjafir á þeim skuldum, er um ræðir, hjá lánardrottnum útgerðarmanna.

Mál þetta átti bæði við beinan og óbeinan móthróa ríkisstjórnarinnar og hennar liða á þinginu að etja, og er það næsta undarlegt, þegar þess er gætt, að hliðstæð hjálp — nema í miklu stærri stíl — til landbúnaðarins hafði nokkru áður verið afgreidd á Alþingi með sameiginlegum átökum allra flokka, og án nokkurrar mótspyrnu af hálfu sjávarútvegsmanna.

Lauk málinu svo á þinginu í fyrra, að það var afgreitt með rökstuddri dag-skrá til ríkisstjórnarinnar, er þó fól í sér viðurkenning á nauðsyn málsins, með því stjórninni var lögð sú skylda á herðar að undirbúa og leggja frumvarp fyrir þing það, er nú er hafið, til lausnar á skuldaskilum útgerðarmanna.

Þeir af þingmönnum stjórnarinnar, þeir Finnur Jónsson, Páll Þorbjarnarson og Gísli Guðmundsson, hafa nú lagt fram frv. um þetta efni, að því er segir í greinargerð þess eftir ósk ríkisstjórnarinnar, og virðist plagg þetta eiga að leysa ríkisstjórnina af hólmi í þessu mikla vandamáli.

Er þar skemmst frá að segja, að frv. þeirra er ekkert annað en málamyndakák, eins og vænta mátti eftir framkomu þessara manna þegar skuldaskilafrv. sjálfstæðismanna var til umræðu í fyrra.

Til sömmunar þessu er nægilegt að benda á það, að í stað 5 milljóna, sem sannanlega er varlega áætluð lágmarksupphæð, ef hjálpin á að koma að nokkru verulegu gagni, gera þessir menn ráð fyrir hálfri annari milljón til umráða fyrir sjóðinn. Þeir ætla að láta sér nægja að færa skuldirnar niður í 75% móti eignum,

og svo er það aðeins nokkur hluti útvegsmanna, er þessarar hjálpar á að verða aðnjótandi.

Til samanburðar og til þess að sýna alþjóð manna rausn flutningsmanna stjórnarfrumvarpsins, þeirra er ætla að rétta við hag skuldugra útvegsmanna með hálfri annari milljón kr., er rétt að geta þess, að lögin, er Alþingi á sínum tíma afgreiddi til samskonar hjálpar handa bænnum, heimila að verja allt að ellefu milljónum króna í því skyni.

Ofan á allt þetta og eins og til að undirstrika enn betur þá staðreynd, að frumvarp þeirra þremmenninga stjórnarliðanna sé aðeins borið fram til að sýnast, kemur það, að hin eina fjáröflun, er þeir benda á til að ná saman þessari hálfri annari milljón, er — lántaka.

Þetta er borið fram í nafni ríkisstjórnarinnar, og að því er flm. segja að hennar undirlagi, þeirrar ríkisstjórnar, sem nýbúin er að lofa lánardrottnum landsins, erlendum, að taka ekki ný lán.

Þetta, sem hér hefir verið bent á, mun nægja til þess að sýna það, að frumvarp stjórnarliðsins, er heitir frumvarp til laga um skuldaskil vélbátacígenda, er flutt til málamynda, og með fullri vitund þess, að það mundi ekki koma útgerðinni að neinu haldi.

Þegar séð er, að ríkisstjórnin virðist engan hug á því hafa að bera fram viðunandi frumvarp til lausnar því vandamáli sjávarútvegsmanna, er hér ræðir um, sjáum vér oss eigi annað fært, flutningsmenn þessa frumvarps, er hér liggur fyrir, en að bera fram frumvarp vort aftur og gera með því enn tilraun til þess að rétta við hag útvegsmanna eins og upphaflega var til ætlazt, og vegna þess er mál þetta nú fram komið. Þó treystumst vér eigi til að leggja það til nú, að lántaka fari fram til fjáröflunar Skuldaskilasjóði, eins og vér gerðum í frumvarpi því, er vér fluttum á síðasta þingi.

Til þess liggja þær ástæður, að mjög ólíklegt er nú, að lán fengist til þeirra hluta, svo mjög hefir útlit allt versnað um lántökur og afkomu á þeim tíma, er síðan er liðinn, og svo hefir fyrir skömmu sú yfirlýsing verið gefin af ríkisstjórninni, að eigi verði efnt til lántöku, og er líklegt, að hún myndi einnig ná til lántöku, er aflað væri til framgangs þessa máls.

Höfum vér því eigi séð oss annað fært en fara sömu leið og gert var með lögunum um kreppulánasjóð til viðreisnar landbúnaðinum, að heimila Skuldaskilasjóði útgáfu handhafaskuldabréfa, sem síðan séu notuð til lánveitinga, enda séu þau gildur gjaldeyrir með nafnverði til greiðslu á skuldum þeim, sem þessi löggjöf á að hjálpa útvegsmönnum til að koma í viðráðanlegt hörf.

Til þess að skuldabréf þessi séu sem beztur gjaldeyrir og „liquid“, er innlausnarlími þeirra hafður mjög stuttur, og rentan, er þau eiga að svara, svo há, að hún jafnast við rentur af fé því, sem í hönkunum er á innlánskírteinum. Tryggð skulu bréfin vera svo sem bezt má verða, eða með eignum Skuldaskilasjóðs, en honum eru í frumvarpinu tryggðar tekjur í útflutningsgjaldi sjávarafurða. Ennfremur ætlumst vér til, að Fiskveiðasjóður tryggi bréfin, og ennfremur er gert ráð fyrir bakábyrgð ríkissjóðs.

Þetta er höfuðbreytingin á frv. frá því er það var í öndverðu — að fella burtu lántökuheimildina, en gera ráð fyrir aðalumráðafé í handhafaskuldabréf-

um — og aðrar breytingar, sem á því hafa verið gerðar, eru í sambandi við þessa höfuðbreytingu.

Grundvöllurinn til fjáröflunar er hinn sami og áður, að útflutningsgjaldið af sjávarafurðum renni til Skuldaskilasjóðs. Og verður það samkvæmt tillögum vorum nú að vera svo lengi sem þarf til þess að leysa inn þau handhafaskulda-  
bréf að upphæð 4 millj. kr., sem ætlazt er til, að séu umráðafé sjóðsins ásamt tillagi Fiskveiðasjóðs.

Að því er snertir rökstuðning fyrir hinni knýjandi nauðsyn fyrir framgangi þessa máls, visast til nefndarálits millipinganefndarinnar í sjávarútvegsmálum, þess er útbýtt var til manna á síðasta Alþingi, og til greinargerðarinnar fyrir frumvarpi til laga um Skuldaskilasjóð útgerðarmanna, þingskjal 280 á því þingi (1934).